Reykjavík, 28. apríl 2026

Umsögn við drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Með umsögn þessari vill Rannís koma á framfæri ábendingum við **drög að reglugerð um skilyrði til framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi**. Lykilforsenda í árangursríkri framkvæmd alþjóðlegra áætlana á borð við Erasmus+ og Horizon Europe, sem Rannís hefur umsjón með á Íslandi, er að erlendir námsmenn, doktorsnemar og rannsakendur geti dvalið hérlendis tímabundið. Ljóst er að kröfur um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi geta haft áhrif á alþjóðlegt samstarf háskóla og því er mikilvægt að reglurnar styðji við markmið og skuldbindingar íslenskra stjórnvalda um alþjóðavæðingu.

Undanþága fyrir skiptinema

Rannís telur jákvætt að í drögunum sé vísað til undanþáguheimildar frá framfærsluskilyrðum fyrir erlenda skiptinema í 6. gr., sem byggir á 3. mgr. 65. gr. laga um útlendinga. Nauðsynlegt er að hugtakið *erlendir skiptinemar* sé skilgreint með þeim hætti að skiptinemar sem koma tímabundið til Íslands á vegum viðurkenndra alþjóðlegra áætlana á borð við Erasmus+ falli ótvírætt undir þar undir. Um er að ræða námsfólk sem er skráð til náms í öðru landi og greiðir þar skráningar- eða skólagjöld. Vert er að taka fram að skiptinemar frá ríkjum utan EES standa nú þegar frammi fyrir verulegum kostnaði vegna dvalarleyfisumsóknar og tengdra ferla hér á landi.

Staða erlendra námsmanna og doktorsnema og fjölskyldna þeirra

Vert er að vekja athygli á félagslegri stöðu erlendra námsmanna og doktorsnema. Þessir hópar gegna mikilvægu hlutverki í íslensku háskóla- og rannsóknasamfélagi og mörg koma hingað með **maka og börn**. Sérstaklega er mikilvægt að skýrt verði hvernig framfærslukröfur eru reiknaðar þegar um er að ræða námsmenn og doktorsnema með maka og börn á framfæri, þannig að umsækjendur og háskólar geti metið áhrifin með fyrirsjáanlegum hætti.

Samræmi við markmið íslenskra stjórnvalda um alþjóðavæðingu háskóla

Ísland er í **samkeppni** við önnur lönd um alþjóðlega námsmenn, doktorsnema og rannsakendur. Því er mikilvægt að stjórnsýsluleg skilyrði vegna komu þeirra séu skýr, skilvirk og í samræmi við markmið stjórnvalda um öflugt alþjóðlegt mennta- og rannsóknasamfélag.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett sér sérstaka stefnu fyrir alþjóðavæðingu háskóla en setja sér markmið varðandi fjölda erlendra gráðunema hér á landi í fjármálaáætlun. Á sama tíma er ljóst að stjórnsýsluleg skilyrði fyrir móttöku þeirra mættu vera hagstæðari og er Rannís nú þegar í samtali við Útlendingastofnun vegna þeirra áskorana sem háskólar hafa bent á í tengslum við dvalarleyfisumsóknir þátttakenda utan EES. Í þessu samhengi má nefna að reglugerð (EU) 2021/817 um Erasmus+ leggur áherslu á að þátttökuríkin grípi til nauðsynlegra og viðeigandi ráðstafana til að draga úr lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir framkvæmd áætlunarinnar, meðal annars að leita lausna á erfiðleikum sem tengjast vegabréfsáritunum eða dvalarleyfum.

Í ljósi þessara atriða vill Rannís ítreka mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld sendi út skýr skilaboð um að alþjóðlegir nemendur og doktorsnemar séu velkomnir til landsins. Til að svo geti verið þarf stjórnsýsla landsins að styðja við alþjóðlega samvinnu og gæta þess að breytingar á framfærsluskilyrðum séu útfærðar með þeim hætti að þær dragi ekki úr aðgengi að Íslandi sem áfangastað fyrir alþjóðlega námsmenn og doktorsnema.

Fyrir hönd Rannís,

Ágúst H. Ingþórsson
forstöðumaður